

13/11/2000

# TTAR- PÓSTURINN

17

10. árg.

október 2000

2. tbl.

## Ættarmót í aldarlok

Mótið tókst að öllu leyti vel. Þátttaka var meiri en nokkru sinni fyr. Gískað er á nokkuð yfir 300 manns hafi komið. — Sagt er frá mótinu inni í blaðinu.

### Merki ættarmótsins

Stefán Hermannsson bar sigur úr bítum í keppni um merki. Gísli Hermannsson átti hugmyndina og ljét gera merkið (sjá síðasta *Ættarpóst*). Nú fór svo vegna fjölda mótsgesta að færri feingu merkið en vildu og þótti ýmsum súrt í broti sem von var til. Úr þessu hefur nú verið bætt með því móti að gerð hafa verið fleiri merki og er hægt að fá þau – endurgjaldslaust – hjá Baldri Pálssyni í Fellum austur. Síminn hjá Baldri: 471 1998.

### Fylgirit með *Ættarpóstinum*

Fylgirit er nú í annað sinn með blaðinu og birtist þar efni sem flutt var á ættarmótinu í sumar. Vegna rúmleysis var að þessu sinni ekki hægt að birta allt það efni sem til fjell. Má þar m.a. nefna ágæta ræðu Stefáns Hermannssonar. Meiníngin er að bæta úr þessu áður langt um líður. — Athugið að fylgiritið er heft innaní blaðið sem heldur þeirri stefnu að vera bara fjórar síður.

### Komum blaðinu til sem flestra

Ritstjórn *ÆP* leggur ríka áherslu á að ritið komist til allra þeirra sem komnir eru nokkuð til vits og ára. Komið hefur í ljós að unga kynslóðin hefur ekki síður áhuga á ættarmálum en þeir sem eldri eru að árum. Skorað er á fólk að koma til ritstjórnar upplýsingum um ný heimilsfaung og foreldrar, sem fá aukaeintök, eru beðnir um að láta ekki bregðast að koma þeim í hendur barna sinna. — Hafið samband ef eintök vantar.

## Frá ættarmótinu

### Af undirbúningi á föstudagskvöld

Seinnipart föstudags þann 14. júlí tóku bílar að bruna niður Rángarás og námu staðar á Ættarflöt hvar óðum fjölgaði fólki. Um kvöldið var komin þarna heilmikil tjaldborg og þá var líka tekið til við að reisa stóra tjaldið en það hefur laungum verið hápunktur undirbúnings fyrir ættarmót. Sú athöfn er nefnilega mjög tilkomumikil og útheimtast til hennar lærðar mælingar og miklar spekúlasjónir því eingu má skeika í undirbúningi. Koma jafnan margir að verkinu og eru ekki altaf sammála um grunnþunkta. Er í raun útilokað að lýsa þessari uppákomu, hana verður að sjá og reyna. Að þessu sinni gekk uppsetningin nokkuð hægt en fjekk þó farsælan endi.

### Hvað gerðist á laugardag?

Baldur Pálsson setti mótið klukkan tvö á laugardag einsog ráð var fyrir gert. Var þá fyrst kynt *merki mótsins* og síðan tekið til við að útbyta því gegn vægri greiðslu. Merkin, 250 talsins, runnu út á stuttum tíma og feingu færri en vildu (sjá bls. 1). Má af því ráða hver fjöldi þarna var saman komin.

*Gaunguferð* var næsta mál á dagskrá. Baldur mótsstjóri stýrði henni með aðstoð leiðsögumanna, þeirra fedga Víkings og Gísla Skógars. Var farið inn Bæarás en af honum er mikil og fögur útsýn yfir Mið- og Úthjerað. Þarna á ásnum er sjerkennelegt klettalandslag einsog víðar í Skógargærðislandi. Þar má og sjá meira eða minna (kanski aðallega minna) stæðilega grjótgærða (vörslugærða) sem Gísli bóndi Helgason hlóð í upphafi aldar. Í ferðinni var stansað innst á Efstahjalla sem stundum er kallaður Ættarhjalli en þar hóf ættin skógrækt á mótinu 1985. Þar eru nú trje þau hæstu komin yfir þrjá metra eða um tvær mannhæðir. Og Hjallarnir aðrir yfir að sjá gæmir af úngum skógi. Baldur telur að þessi gaunguferð hafi heppnast vel – leingi vel. En á heimleið reyndist nokkuð erfitt að halda utanum hópinn en þá vildu ýmsir fara sinna eigin ferða. Það er ekki að spyrja að einstaklingshyggunni í þessu kyni!

Að lokinni gaunguferð ljetu menn falla nokkra ró á sig, sýndu sig og sáu aðra, þágu kaffi og með því hjá Skógargærðissysturum. Eftir það var efnt til ratleiks undir stjórn Íngu Huldar Pálsdóttur og Hilmu Sveinsdóttur Þótti hinum yngri kynslóðum mikill feingur að þessu. Þeir sem eldri voru hjeldu áfram að spjalla og drekka kaffi en einnig var hafinn undirbúningur þeirrar hefðbundnu grillveislu sem í hönd fór.

### Kvöldvaka

Óhætt er að segja að kvöldvakann hafi verið þungamiðja ættarmótsins. Einsog venja er til var verið að semja dagskrá hennar alt fram um klukkan sjö og ekki gat hún talist fullmótuð þegar blásið var til aðgerða um hálfnú. Helgi Indriðason (f. 1959) stjórnaði vökunni framan af (frh. aftan við *Fylgirit* —>).

# FYLGIRIT MEÐ ÆTTARÞÓSTINUM

okt.2000

Hér á eftir birtist nokkuð af því efni sem flutt var á Ættarflöt í Skógargerði laugardagskvöldið 15. júlí árið 2000.

---

Ágúst Marinósson

## Ættarmót í aldarlok

Austurlandið á mig kallar,  
ekki er mér í sinni rót.  
Dreymir mig þar fögru fjöllin;  
Fljótið liðast áfram hljótt.  
Skógivaxnir víðir vellir  
vaka þar um sumarnótt.  
Hvergi leit ég landið fegra  
líf mitt tel ég hingað sótt.

Ég telst ekki ættlaus maður,  
oft mig sagan hefur kætt.  
Þó lífið ofast einhvernvegin  
á mig virki sundurtætt.  
Ég var eins og fleiri forðum  
flokkaður í Hallgrímsætt  
en hvort ég sé ættarsómi,  
um það er víst minna rætt.

Þó ég spakur mæri mikið  
mikla skóga. Þetta Fljót,  
undir niðri, önnur hyggja,  
áhugi af nýrri rót.  
Í mig toga ættarböndin  
allt til jafns við fossa og grjót.  
Set í tösku föt og flösku,  
fer og sæki ættarmót.

Þarna fólkið safnast saman.  
Sjá má vel í einni hjörð  
skáta þrúða, prófessora  
presta, sjómenn, brunavörð,  
bændur, skáld og skemmtikrafta  
skörulega troða jörð,  
gamalt fólk og galna krakka  
glettast út um holt og börð.

Saman gleðst hér flokkur fríður,  
frændur geta saman rætt.  
Lyftir glösum, ljómar kenndur  
lýðurinn af sömu ætt.  
Hallar kvöldi, kórinn stækkar  
konur loka dyragætt.  
Undir hlær í ás og fellum.  
Íslandslögin hljóma sætt.

---

### *Og enn kvað hann*

Þó verði syðra súld og rok,  
saggaveður baldið  
Ættarmót í aldarlok  
er í Fellum haldið.

Á Austurlandi er oftast sól  
og úrval hraustra manna,  
Íslands fremsta byggða ból  
best hér dæmin sanna.

Héraðsbúar, fríðleiksfólk  
fráleitt orðstír týni,  
„lifa hér á mysu og mjólk  
en mest á brennivíni“.

Trúgjarna þó telja má,  
tek ég dæmi á móti.  
Ógnardreka, ekki smá,  
ætla í Lagarfljóti.

Engan lengur auðan blett  
á má remma plógi.  
Takast mun með þrjósku þétt  
þekja landið skógi.

## Hjá ömmu og afa

Mig langar til að rifja upp með ykkur örfá minningabrot frá bernsku minni hér í Skógargærði.

### I

Ég hef líklega verið 7 ára þegar ég man fyrst eftir mér hér, ásamt Smára, Gíggju og stóru Dagnýju, það er að segja Dagnýju Sigurgeirs, en hún var alltaf kölluð stóra Dagný og ég litla Dagný til aðgreiningar – því við vorum hér þrjár með sama nafni.

Þetta sumar var ég aðallega notuð í snúninga og til að reka kýrnar í haga og sækja þær á kvöldin. En það var ekki sama hvernig það var gert svo ömmu líkaði. Ekki mátti láta þær fara of hratt því þá gat nytin dottið úr þeim – og eins gott að láta ömmu aldrei sjá það. En stundum virtist hún sjá í gegnum holt og hæðir því þó við – ég og kýrnar – værum á bak við Rángarás og mér farið að leiðast drollið og lét þær bara örlítið greikka sporið, þá brást ekki að Amma vissi það. – Sem sagt: ég þurfti að gæta þess að vera ekki of lengi í förum – og fyrir alla muni: ekki of fljót.

### II

Svo var önnur ábyrgðarstaða sem mér var falin: ég var látin færa kaffi á engjar. Ég man að mjer þótti mjög merkilegt hvernig amma gekk frá þessu: Hver kaffiflaska var sett í góðan og þéttan ullarsokk, og utan um diskinn með meðlätinu var bundinn klútur eftir kúnstarinnar reglum og stundum var lítil hvít spanda með, sem í var einhver spónamatur. Þetta var svo einhvern veginn hengt utan á mig – og ég af stað, upp í Stekkablá eða út í Botna. Mikið voru allir ánægðir að sjá mig – að **ég hélt** – en auðvitað hefur fólkið bara verið fegið að fá smá hvíld og næringu

### III

Sá siður var allatíð að fullorðna fólkið lagði sig um miðjan daginn, þá höfðum við krakkkarnir tíma til að leika okkur svolítið og var þá ýmislegt gert sem amma mátti alls ekki vita – svo sem að klifra í klettunum í Bæjarásnum sem okkur þótti mjög gaman; kannski var spenningurinn í og með af því, að við máttum þetta alls ekki.

Einu sinni voru hænurnar, sem lágu á eggjum sínum í kjallaranum,

steinkaðar með rauðum matarlit. Ég held að Gígja hafi átt hugmyndina að þessu, hefur líklega þótt þurfa að skreyta þær svolítið því þær voru bara hvítar. Það var náð í matarlitinn í stóru matarkistuna hennar ömmu í búrinu, sem auðvitað var bannað, og þessu svo úðað yfir hænurnar svo þær urðu rauðdoppóttar. En líklega höfum við verið nokkuð heppin því þrátt fyrir þessa atlögu sátu þær sem fastast á eggjunum enda eins gott því þetta féll að sjálfsögðu ekki í góðan jarðveg hjá ömmu. Hún sagði ekki mikið, hún sagði bara: „Hvurslags uppátæki eru þetta“ með svoliðis áherslu að það þurfti ekki meira. Meiningin var sú að við hefðum getað eyðilagt útungunina. Svo mikið er víst að við bárum virðingu fyrir hænunum á eftir – því þær voru eiginlega heilagar.

#### IV

Í Skógargerði var oft vinnumaður sem hét Sigurður og var alltaf kallaður Siggi Kleppur. Auknefnið fékk hann af því, að hann var frá Kleppjárnsstöðum, það var alls ekkert bogið við andlega heilsu hans. Víkingur og strákarnir settu sig samt ekki úr færi að stríða honum. Eitt sinn á heimleið af Beitarhúsunum, þegar Siggi hafði dregist eitthvað aftur úr, þá fundu þeir upp á að binda hliðið á Stekkablánni svo kirfilega að það var ekki áhlaupaverk að losa þá hnúta; hentu þeir nú gaman að þessu og gerðu sér ýmsar myndir af hvernig Sigga yrði nú við og hve lengi hann yrði að leysa hnútana, en hnútana varð hann að leysa því hann var ríðandi. Segir nú ekki af ferðum Sigga nema hvað það dróst að hann kæmi heim. Þetta kætti piltana og höfðu þeir mikið gaman af. Loks kom Siggi og lét á engu bera og sagði ekki orð, og enginn þorði að spyrja hvernig honum hefði gengið með hnútana. En næsta dag þegar farið var á Beitarhúsin þá voru piltarnir á undan – og viti menn: hliðið var með sömu ummerkjum og þeir höfðu skilið við. Botnuðu þeir nú hvorki upp né niður, en þurftu nú sjálfir að leysa alla hnútana. – Í þann tíð var ekki til siðs að skera á hnúta, bandið var dýrmætt. En það er af Sigga að segja að hann reið með girðingunni alla leið út að á og komst þar fyrir girðinguna úti í ánni.

#### V

Það voru kartöflugarðar úti í Sandi, hverjar kartöflur voru þær heimsins bestu sem ég hef smakkað. Þegar við krakkarnir vorum að fara út í garð þá kom fyrir að við lögðum spýtu niður í gryfjurnar og settum smá agn í botninn til að egna fyrir hagamýs. Það brást varla að það voru komnar mýs þegar við komum til baka; var þá spýtunni kippt uppúr og við stukkum ofaní, náðum músunum og földum þær innan klæða og hugðumst setja þær í búr og hafa í kjallaranum þar sem fyrrnefndar

rauðdoppóttar hænur lágu á eggjum sínum. Ekki leið þó á löngu þar til amma komst að öllu saman – og var að sjálf sögðu allt dýrahald af okkar hálfu bannað þarna í kjallaranum.

## VI

Ekki var til síðs að setja hest undir krakka, nema þá ef það kæmi að gagni, og þannig komst ég á hestbak. Eitt sinn sem oft var ég send til að ná í Dumb inn í girðingu og var með Hermann bróður minn með mér, hann þá 6 ára en ég 12. Við fundum klárinn fljótlega, gengum að honum og bundum upp í hann – það var heldur ekki talið nauðsynlegt að senda krakka með beisli, spotti dugði. Setti ég nú Hermann á bak fyrir framan mig og héldum við heim á leið. Dumbur var kerruklár, óhemju sterkur og einstaklega blíð og góð skepna sem okkur þótti fjarska vænt um en hann kunni auðvitað ekkert í þessum fína gangi sem reiðhestar kunna, hann brokkaði bara og fór aldrei hratt yfir. Þetta kom sér vel því ekki leið á löngu þar til við tókum að hallast á hlið, átti ég enga möguleika á að rétta okkur við þar sem við sátum næstum í splitt á þessu breiða baki. Við fórum lengra og lengra á hlið og hefðum sennilega lent undir kvið, ef ekki hefði viljað svo til að hesturinn brokkaði í nokkuð djúpum reiðgötum og var frekar stuttfattur, og um leið og við snertum jörð þá snar-stansaði blessuð skepnan og við komumst á fætur og varð ekki meint af.

Svo var það í annað sinn að við fengum – hvorki meira né minna – en að sitja Bleik, en Bleikur var afar göfugur, sem sé reiðhesturinn hans afa, mjög fínn reiðhestur og kunni alla takta sem reiðhestar eiga að kunna. Við fengum sem sagt að ríða honum frá Beitarhúsunum og heim. Ég var með Hermann með mér og gekk allt eins og í sögu. Við liðum þarna áfram á þessum líka fína gæðingi alla leið heim og vorum að komast að bænum þegar allar hænurnar komu fyrir hornið með þvílíku fjaðrafoki og gargi, og hundurinn geltandi á eftir. Og skipti það engum togum að hesturinn fældist og þrjónaði hæð sína í loft upp. Við duttum auðvitað af baki, en meiddum okkur ekki umtalsvert á þeirra tíma mælikvarða. En svo mikið er víst að þarna lauk hestamennsku minni fyrir lífstíð og ég er helst á að ég sé líka lofthrédd síðan – En eins og sagt var í gamla daga: Nú var Bleik brugðið.

## VII

Ég get ekki lokið þessum brotum án þess að þakka afa og ömmu fyrir allt það sem þau gáfu mér af þeirri óendanlegu visku sem þau voru svo rík af. Þegar afti minn raðaði niður á flekkina þá var það vani hans að enda á „og Dagný litla kom þú með mér“. Og þegar við vorum orðin

ein tók hann að segja mér frá. Þetta voru eiginlega fyrirlestrar um bókstaflega allt milli himins og jarðar. – Eða hún amma mín. Ég var svo heppin að fá að hjálpa henni örlítið við tóvinnu, ég fékk nefnilega að tvíanna bandið sem hún spann og þrjónaði svo úr þessa líka fallegu rósavettlinga sem voru hreint gersemi. Og á þessum stundum uppi í baðstofu sagði hún mér frá og við spjölluðum saman. Eitt sinn dró hún nokkrar bækur uppúr kistu sinni og gaf mér. Þessar bækur eru mér afar dýrmætar. Amma hafði endalaust málshætti og spakmæli á takteinum og ekki voru ófáar setningar sem enduðu á – eins og krakkarnir sögðu í gamla daga eða stelpurnar eða strákararnir eða karlarnir sögðu í gamla daga. Sem betur fer hefur eitthvað af þessu tollað í mér, bæði meðvitað og ómeðvitað; til dæmis er ég ansi viðkvæm fyrir að farið sé rétt með málshætti. Því var mér hugsað til ömmu minnar, eins og oft áður, þegar ég nú á dögnum heyrði formann Kristnihátíðarnefndar tala í útvarpi. Hann var inntur eftir málum Ásatrúarmanna og þá sagði hann ekki: Við erum ekki að 'troða þeim um tær' eða að 'bregða fyrir þá fæti'. Ónei. hann sagði: „Við erum ekkert að troða löppunum fyrir þá.“ Ja hjálpi mér, ömmu minni hefði ekki líkað þetta þar vel.

Ég veit að líf mitt og viska væri all-nokkuð fátækara ef mér hefði ekki hlotnast sú gæfa að vera hjá afa og ömmu hér í Skógargarði í æsku minni.

Síðast en ekki síst langar mig að minnast Laugu blessaðrar sem alltaf var okkur krökkunum svo góð. Og Lauga var líka fróð. Hún kenndi okkur ýmislegt, svo sem að þekkja fuglana og þeirra mál. Ég held hún hafi þekkt og kunnað að herma eftir öllum fuglum sem hér eru og vissi nákvæmlega hvað hvert hljóðbrigði þýddi og hverju þeir spáðu með atferli sínu. Ég er ekki viss um að margir leiki þetta eftir.

Og auðvitað var það svo Víkingur sem alltaf var til taks, hjálpaði, leiðbeindi og lék við okkur. Mikið ósköp þótti okkur vænt um Víking.

## VIII

Afi minn var skemmtilegur maður og þegar hann fór á mannamót fékk hann sér gjarnan í staupinu og var þá hrókur alls fagnaðar. Eitt sinn vorum við á heimleið frá árvissri skemmtun í Egilsstaðaskógi og á þessari leið – í nýja Willys-blæjujeppanum – söng hann nær alla leiðina „Þú komst í hláðið á hvítum hesti“. Þetta lærði ég þarna og æ síðan tengist þetta ljóð afa mínum.

Og nú langar mig til að biðja ykkur að taka þátt í þessari minningu með mér og syngja þetta ljóð því ég veit að þið eruð engir efturbátar forfeðranna í að syngja og gleðjast í góðra vina hópi.



### Skógargærðisnefið

Sú grandvara og góða kona, Hulda Gísladóttir amma mín, borin og barnfædd í Skógargærði, hefur alltaf verið skarpskyggn kona. Sér í lagi er hún mjög glögg á það hvort fólk af skógargærðisætt hefur erfð hennar svokallaða skógargærðisnef eða ekki, sem mér skilst að sé öllum öðrum nefjum glæsilegra. Meira að segja kveður svo rammt að þessum hæfileikum hennar að hún sér undir eins og nýfæddur skógargærðingur lítur dagsins ljós hvort sá stutti eða stutta hefur fengið eitt slíkt í vöggugjöf. Það er ekki óalgeng sjón að sjá nýbakaða móðurina og ömmu standa fyrir framan sýningarglerið á fæðingardeild sjúkrahússins og má þá greina á andliti hinnar fyrrnefndu eftirvæntingu eftir því að amma skeri úr um þetta með nefið. En það er nú samt ekki alltaf sem barninu hefur hlotnast sú náð fyrir almættinu að fá skógargærðisnef og þá segir hún amma mín ekki neitt. Og þá hefur maður það.

Á síðustu árum hef ég velt þessu mikið fyrir mér og komist að því að ég vildi gjarnan læra þá iðn að greina skógargærðisnef. Ég sökkti mér niður í fræðin og fór að grandskoða fólk af skógargærðisætt og þá sérstaklega nefið. Ég gerðist frændrækin í meira lagi og sætti færi í hvert skipti sem ég vissi að einhver úr ættinni væri í heimsókn hjá ömmu eða öðrum í fjölskyldunni og mætti þar.

Á meðan setið var yfir kaffibollunum og nýjustu fréttir af ættflokknunum sagðar reyndi ég að sýna umræðunum hæfilegan áhuga á meðan ég einblíndi á nef ættingja minna. Og ég sá ýmsar útfærslur á nefjum. Skyldi skógargærðisnefið vera þetta sem líktist kónganefi eða þetta beinskeytta með hvössum oddi fremst. Ég útilokaði fljótt kartöflunef og þessi sem minna mig á franska leikarann Gerard Depardiu. Svo voru það nefin sem litu út eins og hringur hefði verið í þeim, svipað og á nautum, og tekið í svo haftið milli nasaholanna náði langleiðina niður á efri vör. En ég gaf þau frá mér líka. Svo var það líka spurning með ósímmetrisk nef, sérstaklega þessi sem sveigðu eilítið til hægri, en ég vissi að amma myndi aldrei samþykkja þau sem sveigðu á vinstri hlið, svo þau gat ég afgreitt strax.

Ég get ekki neitað því að á þessum tíma eyddi ég töluverðum tíma fyrir framan spegilinn og velti því fyrir mér hvort ég sjálf hefði svona

nef. Því ef svo væri nú ekki þá veit ég að læknávisindunum hefur fleygt það mikið fram að þeim væri ekki skotaskuld úr því að kippa því í liðinn. Og þá gæti ég gegnið stolt um götur og enginn vafi léki á því úr hvaða ætt ég væri. Á meðan á þessum vangaveltum mínum stóð gekk ég meira að segja svo langt að fara á bókasafnið í þeim tilgangi að auka á vitneskju mína um nef almennt með von um að geta betur glöggvað mig á þeim einkennum sem tilheyrðu minni ætt. En allt kom fyrir ekki. Ég komst bara að því að amma ein hafði þetta einstaka nef til að þefa upp skógargerðinef og sennilega væru þeir hæfileikar meðfæddir.

Ég hef stundum séð mig í huganum sitja í sófanum í stofunni heima í Spító hjá ömmu, þar sem hún situr makindalega í hægindastólnum á móti mér, og spyrja hana ósköp varlega hvort það geti nokkuð hugsanlega verið tilfellið að ég sé með skógargerðisnef. Þá sé ég hana alltaf fyrir mér halla sér rólega fram, horfa á nefið á mér og segja góðlátlega: „Neei, það hefur þú ekki.“ Svo ég hef ákveðið að njóta frekar vafans. Þó að ég hafi blessunarlega fengið nafnið hennar er ég ekki viss um að nefið hafi fylgt með í kaupbæti.

En þar sem ég veit að amma er von að vita lengra en nef hennar nær, þá er ég viss um eins og hún að skógargerðisfólk hefur bein í nefinu.

Hjer er þess einginn kostur að gera neina viðhlítandi grein fyrir því sem þarna fór fram. Hinsvegar er skylt að geta þeirra ræðumanna og saungvara sem upp tróðu. Gæti þar þó eitthvað vantað því minni heimildarmanna er ótrútt.

Öllum kemur saman um að Indriði Gíslason hafi verið fyrsti ræðumaður og sagði hann deili á ættinni; studdist mjög við Skógargerðisbók og er ekki hægt að rekja þá ræðu að sinni en bent skal á bókina. Aðrir ræðumenn, sem fluttu óbundið mál (röð óviss), voru: Dagný Hermannsdóttir, Stefán Hermannsson og Hulda Björg Stefánsdóttir sem öll komust mjög vel frá sínu máli. Dagný Marinósdóttir flutti ljóð eftir Ágúst bróður sinn sem illu heilli gat ekki verið á mótinu. Hinsvegar kemur öllum saman um það að Ágúst hefði – ef hann hefði sýnt sig – umsvifalaust verið kjörinn skáld ættarmótsins. — Í *ÆP* hafði einmitt verið hvatt til þess að fólk hefði með sjer á mótið kveðskap sinn því alkunna er að ættin á yfirleitt ljett með að setja saman vísur. Það verður samt að segjast hjer að Ágúst hlaut svosem einga samkeppni. Aðrir skildu vísur sínar eftir heima.

Þá er komið að saunglist en einsog allir vita þá hefur Skógargerðisætt alla tíð verið og er enn orðlögð fyrir saung. Af einstökum númerum skal hjer aðeins getið um saung *Huldukórsins* (barnakórs) frá Akureyri sem Hulda Björg stjórnadi. Þótti kórinn standa sig ágæta vel. Þá flutti fámenn saung-sveit vísu Ólafs Skúla Indriðasonar við það gamalkunna lag: Fyrst jeg annars hjarta hræri. Almennur saungur var frá upphafi dagskrár milli liða og stóð víst framundir morgun.

Ekki eru heimildir um að mótinu hafi verið slitið með formlegum hætti. — Næsta ættarmót verður því beint framhald af þessu.

### *Mótsauki á Orminum*

Að þessu sinni stóð mótið aðeins einn dag því veisla á sunnudagskvöld í Valaskjálfr var felld niður. Það varð samt að ráði að fara með þá sem þess óskuðu í siglíngu um Lagarflót ofanvert en svosem kunnugt er geingur þar á sumrum sú merka ferja, Lagarfljótsormurinn. Allmargir mótsgestir slógust í þessa för sem farin var á sunnudeginum eftir hádegi. Leiðsögumaður var til fenginn að fræða menn. Var það Helgi Hallgrímsson, náttúrufræðingur á Egilsstöðum, og rómaði fólk mjög leiðsögn hans enda mun hann vera allra manna fróðastur um Fljót og Hjerad. Einsog nafn hans sýnir ljóslega er hann kominn af Hallgrími í Stóra-Sandfelli og því nain frændi. Hann var sjerstakur gestur ættarmótsins.

### *Af fjármálum*

Að sögn Baldurs mótsstjóra hafa fjármál mótsins að mestu verið leidd til lykta á farsælan hátt. Niðurstöður verða birtar í næsta blaði *ÆP*. Rjett er að nota þetta tækifæri til að þakka Baldri röggsama stjórn svo og öllum þeim sem lögðu fram ómælda vinnu við undirbúning og framkvæmd.

## *Ný tegund af ættarmóti?*

Eftir því sem ritstjórn *ÆP* hefur fregnað voru flestir ánægðir með ættarmótið og framkvæmd þess. Þó hafa heyrst raddir sem töldu mótið of stutt og öðruvísi hefði mátt að því standa. Ber að fagna því að fólk hugsar um þessi mál og hefur sitthvað til þeirra að leggja.

*ÆP* hefur fest hendur á einni slíkri rödd eða kanski öllu heldur tillögu (er nokkuð hægt að festa hendur á rödd?). Hún er ættuð frá Gísla Sigurgeirssyni „okkar manni“ á Akureyri. Frjettir herma að hann hyggist blása til „fyrirtíðar-ættarmóts“ í Skógargærði innan tíðar og muni það standa í einhverja daga, með námskeiðshaldi margvíslegu, t.d. í kvæðagerð, kveðskap, saung, þjóðdönsum og handverki ýmiskonar. Á kvöldvökum muni árángurinn svo verða í ljós leiddur. Eftirfarandi orð eru höfð eftir Gísla: Þeir sem vilja skjóta þessa hugmynd í kaf, eða gera hana að veruleika, geta sent línu í gislis@ruv.is eða gis@simnet.is.

*ÆP* vill hvetja fólk til að ansa Gísla. Menn hljóta að geta verið annaðhvort með eða á móti honum. Blaðið mun líka verða opið fyrir skoðanaskiptum um málið.

### *Munið*

Ættarmerkið er til afhendingar hjá Baldri Pálssyni, Sunnufelli 4 í Fellabæ, 701 Egilsstaðir. Síminn hjá honum: 471 1998.

## *Um útgáfu á næstunni*

Ritstjórn áformar að gefa út nýtt fylgirit á næstunni og vill hjer með hvetja ættíngja til að senda efni til að birta þar: ljóð, stuttar sögur eða frásagnir, hugleiðingar eða hvaðeina sem mönnum liggur á hjarta. — *ÆP* er ykkar blað.

## *Austfirðingapættir og aðrar frásagnir — Merkileg bók.*

*ÆP* vill ekki láta hjá líða að nefna hjer jólabókina í ár. Í henni er efni eftir Gísla Helgason í Skógargærði en Indriði Gíslason hefur safnað efninu og búið það til prentunar. Bókaforlagið Mál og Mynd gefur bókina út og kemur hún á markað um næstu mánaðamót. Þess er auðvitað eindregið vænst að ættin kaupi þessa bók og fái aðra til að gera slíkt hið sama. Sem sagt: Jólabókin í ár er að koma í búðirnar.

---

### *Ættarpósturinn.*

Ritstj.: Indriði Gíslason Barmahlíð 32, 105 Rvík. Sími 562 5743.

Netfang: indridi@ismennt.is.

Aðstoðarritstj.: Örnólfur Thorsson Bauganesi 14, 101 Rvík. Sími: 552 1056.

Ritstj.fulltrúi: Dagný G. Sigurðardóttir Reynivöllum 11, 700 Egilsstaðir. Sími: 471 1134.